

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Páls V. Bjarnasonar sýslumanns, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 12. september 1932. Skipulagsskráin er þannig: 91
12. sept.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Páls V. Bjarnasonar sýslumanns.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 2000 kr. fjárframlagi úr sýslusjóði Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæk efnileg ungmenni í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til náms í bóklegum og verklegum fræðum.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal hann ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands.

4. gr.

Árlegir vextir skulu lagðir við höfuðstól sjóðsins, þar til ársvextir af honum nema 400 kr., þá má verja allt að helmingi ársvaxta til styrkveitinga samkvæmt 2. grein, og veitist upp frá því helmingur ársvaxta, þó aldrei minna en 200 kr. hverjum styrkþega.

5. gr.

Sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir aðalumsjón sjóðsins á hendi, kýs hún stjórn sjóðsins, úrskurðar reikninga hans og gætir þess að skipulagsskrá þessari sé fylgt.

6. gr.

Oddviti sýslunefndar sé jafnan formaður stjórnarinnar og hafi reikningshald sjóðsins á hendi. Í stjórn með honum eru tveir menn kosnir af sýslunefndinni til 6 ára í semm. Stjórnin hefir á hendi umsjón sjóðsins, veitir styrk úr honum, semur árlega reikning hans og leggur hann fyrir sýslunefndina til úrskurðar.

7. gr.

Sá, sem vill fá styrk úr sjóðnum, skal senda stjórn sjóðsins skriflega beiðni um það fyrir 1. september. Skal beiðni hans fylgja vottorð tveggja valinkunnra manna með því, að honum verði veittur styrkur úr sjóðnum.

91

12. sept.

8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Þannig samþykkt á fundi sýslunefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
29. apríl 1932.

Jón Steingrímsson.

92

23. sept.

REGLUR

um

hrossasýningar.

1. gr.

Búnaðarfélag Íslands sér um framkvæmd II. kafla búfjárræktarlaganna frá 8. september 1931 og ber um kynbætur hrossa að fara eftir reglum þeim, sem um það efni eru settar í 18.—36. gr. laganna.

2. gr.

Að tillutun Búnaðarfélags Íslands skal halda hrossasýningar í hverri sýslu landsins þriðja hvert ár.

Landinu er skipt í þrjú sýningarsvæði, sem hér segir:

1. Frá Hellisheiði, vestur um land, að Hrútafjarðará.
2. Frá Hellisheiði, austur um land, að Gunnólfsvíkurfjalli.
3. Frá Hrútafjarðará, austur um land, að Gunnólfsvíkurfjalli.

Árið 1932 verða hrossasýningar á 1. sýningarsvæði, árið 1933 á 2. sýningarsvæði, árið 1934 á 3. sýningarsvæði og svo í sömu röð áfram.

3. gr.

Hross eru ekki tekin yngri á héraðssýningar en hér segir: Stóðhestar þriggja vetra, en hryssur fjöggra vetra. Aftur á móti er það á valdi dómnefndar hve gömul hross hún tekur á sýningu.

4. gr.

Á héraðssýningum greiða sýnendur sýningargjöld fyrir gripi sína, sem hér segir:

1. Fyrir hvern stóðhest 4 vetra og eldri 4 kr.
2. Fyrir hvern stóðhest 3 vetra 2 —
3. Fyrir hverja hryssu 4 vetra og eldri 1 —

Remmur fé þetta í sýningarsjóðinn.